

Iðnaðarráðuneyti

Fundargerð

Boðandi: **Helga Haraldsdóttir**
Dags: **05.10.2011**
Boðaðir: **ferðamálaráð**
Fundarmenn: **Svanhildur Konráðsdóttir, Jón Ásbergsson, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason, Helgi Már Björgvinsson, Ásbjörn Jónsson, Unnur Halldórsdóttir og Helga Haraldsdóttir**
Fjarverandi: **ferðamálaráð**
Bréfalykill: **6.1.1 Ferðamálaráð**
Málsnúmer: **IDN09110065**

Efni: 10. fundur ferðamálaráðs

Frásögn af fundi

10. fundur ferðamálaráðs .

Fundurinn var haldinn á Hótel Ísafirði í tengslum við Ferðamálaþing 2011 miðvikudaginn 5. október 2011, kl. 13:00.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Jón Ásbergsson, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason, Helgi Már Björgvinsson, Ásbjörn Jónsson, Unnur Halldórsdóttir og Helga Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi sem ritaði fundargerð .

Dagskrá:

- Frumvarp um breytingu á lögum um skipan ferðamála** . Helga Haraldsdóttir fór yfir það sem frumvarpið fjallaði um.
Farið var yfir þann hluta af drögum að breytingum á frumvarpi um skipan ferðamála er varðar breytingar á skipan og hlutverki ferðamálaráðs .
Ferðamálaráð gerði nokkrar athugasemdir við skipan ráðsins og hlutverk sem ráðuneytið mun taka til umfjöllunar .
- Ísland - allt árið ; markaðssamstarf til þriggja ára** . Svanhildur Konráðsdóttir og Jón Ásbergsson fóru yfir verkefnið sem mun hefjast formlega mánudaginn 10. október 2011.
- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða** . Anna G. Sverrisdóttir og Sævar Skaptason sem jafnframt sitja í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða upplýstu að auglýst yrði eftir styrkjum 20. október n.k. Ferðamálaráð samþykkti síðan eftirfarandi ályktun sem send verður iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra:

Á fundi sínum 5. október s.l. lýsti ferðamálaráð yfir áhyggjum sínum af því að fjármögnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða væri enn ekki tryggð.

Reiknað hefur verið með að sjóðurinn fengi u.þ.b. 240 millj. kr á ári en í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár er einungis gert ráð fyrir 48 millj. kr til sjóðsins. Eflaust eru á þessu skýringar m.a. þar sem frumvarp um farþegagjald og gistináttgjald hefur ekki verið samþykkt á Alþingi en náttúra landsins og efling ferðamannastaða þolir hins vegar enga bið.

Ferðamálaráð beinir því til stjórnvalda að þau greiði fyrir fjárveitingum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða með öllum ráðum svo hann geti starfað í samræmivið þau lög sem um hann tóku gildi í júní s.l.

4. Önnur mál.

Helgi Már Björgvinsson bauð ferðamálaráði að skoða Þríhnúkagíg í næstu viku en hann er eitt þeirra þróunverkefna í ferðaþjónustu sem Ícelandair kemur að.

Fleira var ekki gert. Næsti fundur verði seint í nóvember. Fundi slitið kl. 15 og fulltrúar héldu á ný til ferðamálaþings.

Niðurstaða og ákvarðanir

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

